

Skólaslit 2016.
Ræða skólameistara

Heiðraða samkoma. Við hefjum þessa athöfn að venju á því að rísa úr sætum og syngja skólasönginn, texta Einars Benediktssonar Til fánans við lag Björgvins Guðmundssonar. Undirleikari er Eyrún Jónasdóttir, kórstjóri skóla vors. Skólasöngurinn - Til fánans.

Ágætu verðandi nýstúdentar, fjölskyldur þeirra, starfsmenn, júbilantar og aðrir gestir.

Nýliðinn vetur voru á fyrsta ári þeir nemendur sem innrituðust á þriggja ára braut til stúdentsprófs. Nemendur efri bekkja ljúka sínu námi samkvæmt eldra skipulagi. Áhersla í námi og kennslu hefur sveigst sem aldrei fyrr frá fyrirlestrarforminu og lokaprófaskipulagi til verkefnaþáttar náms og símats. Prófatími heitir námsmatstími í dag og er mun skemmri en áður. En ekki minnkaði álagið við þetta, hvorki hjá nemendum né kennurum, jókst frekar. Þessi breyting átti sér langan aðdraganda en nýtt brautaskipulag hafði verið í undirbúningi í fjölda ára. Til þess þurfti að vanda en vænta má þó að nýja skipulagið taki einhverjum breytingum á næstu árum. Við höfum fengið reynslu hvað fyrsta árið varðar og sjáum nokkur atriði sem betur mega fara. Í framtíðinni má svo sjá fyrir sér að brautaskipulag okkar nálgist í vaxandi mæli þörfum ferðaþjónustunnar bæði á Félags- og hugvísindabraut og Náttúruvísindabraut, sem eru þau nöfn brautirnar bera í nýju kerfi. Skólastarf er lifandi starf sem er í sífelldri þróun og tekur breytingum. Það er eðli þess. Kyrrstaða er afturför. Skólar eru þjónustustofnanir samfélagsins og þurfa að mæta þörfum þess hverju sinni af fremsta megni þó það geti á stundum í slíku breytingaferli verið eins og að sveigja olíuflutningaskip af leið.

Aðsókn að skólanum í fyrsta bekk næsta skólaár er afar góð eins og verið hefur flest fyrri ára um langa hríð, meiri en við ráðum við. Það er verkefni að samþykkja umsækjendur, nokkuð ögrandi verkefni nú þetta vorið, þar sem nýnemar inn á fyrsta ár koma úr grunnskóla með bókstafaekinnir fyrsta sinni en ekki tölulegar. Eins eru margar umsóknir nýrra nema í annan bekk sem ekki komast inn nema einhverjir heltist úr lestinni af þeim sem flytjast milli bekkja fyrsta og annars árs. Látum hér staðar numið um þetta.

Á þessari stundu fyrir um ári fór ég í ræðu minni yfir þær breytingar sem framundan væru hvað húsnæðismál skólans varðaði. Fasteignir skólans færðust í fyrra frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til Ríkiseigna sem heldur utan um flestar eignir ríkisins. ML var síðasti framhaldsskóli landsins í þessari tilfærslu, af þeim gömlu sem verið höfðu á borði ráðuneytisins. Hart var lagt að skólanum að selja allt sem honum tilheyrði nema skólahús og heimavistir. Okkur var m.a. uppálagt að selja allt starfsmannahúsnæði. Til að gera langa sögu stutta varð ekki úr því enda er útilokað að reka öflugt skólastarf hér á Laugarvatni öðruvísi en hafa upp á húsnæði að bjóða í einhverjum mæli fyrir starfsmenn. Þó verða þrjú hús sem skólinn hefur haft lítil not fyrir seld, gömul heimavistar- og starfsmannahús Héraðsskólans, húsin Hlíð, Mörk og Björk. Einnig var ákveðið að seinka upphafi leigusamnings við Ríkiseignir frá 1. janúar ársins í fyrra, eins og upphaflega var áætlað, til 1. september. Skólinn hafði ekki fengið fjárveitingu á árinu 2015 í samræmi við þann kosnaðarauka sem það hefði í för með sér að færa eignirnar yfir til Ríkiseigna eins og ítrekað hafði verið að þyrfti. Seinkunin á upphafsdagsetningu leigunnar hjá Ríkiseignum leysti þann fjárhagsvanda. Ég efa ekki að í þessum málum hafi Guð, góðir andar, öflugar vættir og ónefndir gamlir ML-ingar lagt sín lóð á vogaskálar. Nú, í þetta vafstur fór sumarleyfið hjá

þeim er hér stendur eins og oft hefur gerst áður vegna ýmissa verkefna sem þarf að sinna að sumri til. Já, það er ekki leiðinlegt að mæra sjálfan sig í ræðustóli.

Menntaskólinn að Laugarvatni er Skóli á grænni grein, þ.e. skóli sem flaggar Grænfánum og hefur gert það frá árinu 2011. Grænfánaverkefnið tekur sífelldum breytingum, ný nálgun er hvert ár og nýjar kröfur Landverndar er heldur því verkefni úti. Úttekt á stöðu skólans fer fram á tveggja ára fresti og er skemmst frá að segja að nú á vormánuði fengum við endurnýjaðan fána í huglægri sem eiginlegri merkingu. Verkefnastjóri Grænfánaverkefnisins er Heiða Gehringer náttúruvísindakennari en hún leiðir öflugan hóp nemenda og starfsmanna í umhverfisnefnd. ML er einnig aðili að verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli frá haustinu 2011 en Embætti landlæknis heldur utan um verkefnið. Þar eru mótuð markmið og leiðir í næringu, hreyfingu, geðrækt og lífsstíl sem nær yfir fyrri hugtökin þrjú. Við skörtum í því gulli, en medalíur eru veittar fyrir árangur hvert skilgreint verkefnaár! Heilsueflandi verkefnastjóri vor er Helga Kristín Sæbjörnsdóttir, íþrótta, heilsu- og útivistarkennari, síkvik og kraftmikil í verkefninu, leiðandi stýrihóp starfsmanna og nemenda.

Í nýju brautaskipulagi er kynjafræði skylduáfangi á báðum brautum en í þeim efnum er Menntaskólinn að Laugarvatni brautryðjandi. Jafnréttisfulltrúi skólans, Freyja Rós Haraldsdóttir, félagsvísindakennari, hefur verið þrímúsmótor í þeirri þróun hjá okkur. Ég gæti haldið lengi áfram, en læt hér staðar numið, að birta ykkur hnappagats-rósir skólans, ég er svo stoltur af starfsfólkinu og því sem það hefur áorkað.

Framundan eru breytingar í skipulagi starfsmannamála og verkefna. Páll aðstoðarskólameistari mun minnka við sig í starfi næsta vetur, fara í tæplega hálf starf. Í nýtt hlutastarf áfangastjóra hefur verið ráðin Áslaug Harðardóttir þýskukennari og mun hún m.a. taka við þeim verkefnum sem snýr að nemendabókhalda í upplýsingakerfinu Innu. Eins hefur verið ráðin í hlutastarf fjármálastjóra við skólann, Ragnheiður Bjarnadóttir viðskiptafræðingur, en hún er einnig gjaldkeri og bókarar mótuneytis skólans. Hjá okkur starfar og nú verkefna- og kerfisstjóri, Elín Jóna Traustadóttir, en hún heldur m.a. utan um allt er lýtur að tölva- og tæknimálum og þróun skólans á þeim vettvangi sem og þróun í samstarfi við kennara á nýtingu upplýsingatækni í námi og kennslu. Ástæða þess að ég tíunda þessar breytingar nú, sem ég vanalega geri við skólasetningu að hausti, er að með þessum ráðningum og skipulagsbreytingu er ég að færa til verkefni í takt við breytingar sem ég er að vinna að á "infrastrúktúr" skólans. Eignaumsýsla og fjármálaumsýsla skólameistara minnkar hægt og hægt en önnur verkefni koma í þess stað sem aðstoðarskólameistarari hefur hin síðustu ár öllu frekar sinnt. Öll eldumst við og starfslok eru hjá hverjum og einum handan við horn á einhverjum tímamarki.

Lofræða mín Páli til handa bíður því betri tíma.

Ég vil hér og nú þakka starfsfólki skólans alla þá vinnu sem það hefur lagt að mörkum með sérlega jákvæðu hugarfari við skipulag nýrra brautalýsinga og innleiðingu nýrrar aðalnámskrár framhaldsskóla, námskrár með grunnþættina læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun að leiðarljósi.

Ég mun ávarpa nýstúdentana sérstaklega í lok dagskrár en nú flytur annál skólaársins 2015-2016, aðstoðarskólameistari vor, Páll M. Skúlason.

Halldór Páll Halldórsson skólameistari